

Mál nr. 178/2018

**M og
V vegna frítímaslysáttryggingar**

Kona snéri upp á sig og meiddist þ. 18.2.2018

Gögn.

Málskot móttakið þ. 31.5.2018 ásamt fylgiskjöllum nr. 1-4
Bréf V dags. 18. Júní 2018

Málsatvik.

M segist hafa snúið harkalega upp á sig og fengið sáran verk í hægri mjöðm samkvæmt bréfi heilsugæslustöðvarinnar á Dalvík dags. 13.3.2018. M segir að sér hafi fundist eins og það væri að fara að líða yfir sig, en það hafi ekki gerst. M krefst bóta úr frítímaslysáttryggingu sinni hjá V. V hafnar bótaskyldu og segir að ekki hafi verið um slys að ræða í skilningi vátryggingaréttar og skilmála tryggingarinnar þar sem ekki hafi verið um skyndilegan utanaðkomandi atburð að ræða. Vísar V til þess að M hafi verið inni á baðherbergi heima hjá syni sínum þegar henni fannst vera að líða yfir sig og M greip í vaskinn og við það snérist upp á mjöðm M og hún fann mikinn sársauka. V segir að svimi sér ekki utanaðkomandi atburður og þó að M segi nú að þetta hafi ekki verið svimi heldur svimatilfinning þá breyti það engu hvað þetta varðar.

Álit.

Gögn málsins eru afar fátækleg og eina lýsingin á tjónsatvikinu fyrir utan lýsingu í bréfi V dags. 18.6.2018 er ofangreind lýsing í bréfi heilsugæslustöðvarinnar á Dalvík dags. 13.3.2018. Miðað við fyrirbyggjandi gögn liggur ekki fyrir að M hafi orðið fyrir tjóni vegna skyndilegs utanaðkomandi atburðar og á hún því ekki miðað við ákvæði vátryggingaskilmála rétt á bótum úr frítímaslysáttryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysáttryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 31.7. 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður.

Jón Magnússon lögmaður.